Leikskólinn Hulduheimar

Virðing- Lýðræði- Samfélag



Skólanámskrá
leikskólans
Hulduheima
til 2030

Leikskólinn Hulduheimar



Skólanámskrá Hulduheima er útfærsla leikskólans á Aðalnámskrá leikskóla og byggist einnig á Menntastefnu Árborgar.
Starfsfólk, börn og foreldrar hafa komið að gerð hennar með ýmsum hætti með þátttöku í innra mati leikskólans. Námskráin hefur verið borin undir foreldraráð leikskólans. Námskráin var síðast uppfærð árið 2014.

Hulduheimar er 6 deilda leikskóli sem opnaði 14.nóvember 2006. Stutt er í Gesthúsaskóg þar sem umhverfið býður upp á margvíslega leiki og rannsóknir í náttúrunni. Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey þar sem talið er að börn læri með eigin reynslu og virkri þátttöku í samfélagi við aðra.

Einkunnarorð leikskólans eru virðing, lýðræði og samfélag.

Markmið leikskólans eru:

- *Að mæta barninu þar sem það er statt.*

Við leggjum áherslu á virðingu fyrir einstaklingnum, að mæta hverju og einu barni á forsendum þess og gefa því tækifæri til að þroskast og læra í gegnum leik og reynslu. Vel er fylgst með líðan og þroska barna og leitað leiða til íhlutunar ef þurfa þykir.

- *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu.*

Við gefum börnunum tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Við eflum félagsfærni barna til þess að þau eigi auðveldara með að lifa í samfélagi við aðra.


- *Að barnið kynnist lýðræði*

Við gerum okkur far um að efla lýðræðislega starfshætti meðal annars með því að gefa börnum tækifæri til að segja sína skoðun á málefnum sem þau varða og gefa þeim val um viðfangsefni. Lögð er áhersla á að öll börn séu fullgildir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.


Einkenni okkar



Könnunaraðferðin














Hugmyndafræðin



Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn leikskólans byggist aðallega á hugmyndafræði John Dewey (1859-1952) sem var einn áhrifamesti heimspekingur og menntunarfræðingur Bandaríkjanna á fyrri hluta 20. aldar. Hugmyndafræði hans, sem þótti róttæk á sínum tíma, hefur mótað uppeldis- og menntastarf víða á Vesturlöndum. Dewey var þekktur fyrir kennisetningu sína ,,learning by doing" eða *að læra af eigin reynslu*. Hann benti á að leikskólinn væri ekki undirbúningur undir lífið, heldur lífið sjálft.

Í Hulduheimum vinnum við með lykilatriði í kenningum Dewey á þennan hátt:

- **Reynslumiðað nám**: Í Hulduheimum er könnunaraðferðin (e. Project Approach) notuð markvisst sem námsleið með börnum frá 3 ára aldri en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er nám byggt á reynslu barnanna og þeirri þekkingu sem fyrir er. Eftir að viðfangsefni er valið, í samvinnu kennara og barna, er gerður þekkingarvefur þar sem börnin nefna allt sem þau vita um viðfangsefnið. Þau gera áætlun um rannsóknir og byggja smátt og smátt ofan á þekkingu sína.
- **Lýðræði í skólastarfi**: Í leikskólanum æfum við lýðræði. Því leggjum við áherslu á að börnin fái að hafa áhrif á það sem þeim við kemur, allt eftir aldri og þroska. Lögð er áhersla á að börn þekki réttindi sín samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Gildi Vináttu hjálpa einnig til að börnin læri að vera í lýðræðissamfélagi við aðra.
- **Virk þátttaka** : Í könnunaraðferðinni eru börn virk í námi sínu þar sem þau kanna viðfangsefni ofan í kjölinn en viðfangsefnin stýrast af áhuga og virkni barnanna. Börnin leika sér oft í sjálfsprottnum leik bæði inni og úti með opinn og fjölbreyttan efnivið. Með því að handleika efniviðinn kanna þau eiginleika hans og gildi. Í Hulduheimum er einnig lögð áhersla á sjálfshjálp og sjálfstæði barnanna með stuðningi kennara.
- **Samfelld reynsla**: Í Hulduheimum er leitast við að nám barna sé ferli þar sem fyrri reynsla barnsins tengist nýrri reynslu.
  Í upphafi skólagöngu er barnið að kynnast nýju umhverfi og öðru fólki en sínu nánasta. Smátt og smátt víkkar barnið út sjóndeildarhringinn og fer að rannsaka heiminn í kringum sig. Við vinnum með *Vináttu* frá upphafi en þegar börn eru komin á síðasta ár fá þau ART þjálfun að auki. Leitast er við að gera skil milli skólastiga auðveldari með virkri samvinnu við grunnskólann.
- **Samfélagslegt samhengi náms**: Í Hulduheimum er lögð áhersla á leik og samvinnu í litlum hópum þar sem börn læra saman og hvert af öðru. Börn og fullorðnir læra í gegnum samskipti og samvinnu.

Nánar má lesa um hugmyndafræðina á heimasíðu leikskólans.

Leikskólabarnið



Í Hulduheimum miðar allt starf að farsæld barna eins og Menntastefna Árborgar og 8-viti æskunnar kveður á um. Því leggjum við áherslu á virðingu fyrir einstaklingnum þar sem öll börn fá jöfn tækifæri og stuðlað er að vellíðan þeirra, öryggi, jákvæðri sjálfsmynd og góðri félagsfærni. Horft er til réttinda barna samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og börn eru frædd um réttindi sín.

Starfsfólk ber umhyggju fyrir börnum og veitir þeim ástríka leiðsögn, góðvild með festu. Við gerum okkur grein fyrir því að börn eru einstaklingar sem þurfa ólíkar nálganir og horfum fremur á styrkleika þeirra en veikleika. Við vitum að færni þarfnast þjálfunar og gefum því börnum tíma og rými til að æfa sig og reyna færni sína.

Börn eru virk og skapandi í eðli sínu og eiga að fá tækifæri til að að spyrja spurninga, segja sína skoðun og rannsaka hlutina. Menntunin felst í ferlinu en ekki afurðinni og því viljum við leyfa börnum að njóta sköpunarferlisins og ímyndunaraflsins í leik og starfi.

Starfsfólk Hulduheima (2025-2026) vill útskrifa sjálfstæð, forvitin og hamingjusöm börn með sterka sjálfsmynd, góðan málþroska og færni til að eiga virðingarfull og uppbyggileg samskipti við aðra.

Börnin í Hulduheimum (2025) vilja leika með vinum sínum inni og úti, fá að velja sér dót og segja hvað þeim finnst.

Leikur, nám og námsumhverfi

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að leikur sé lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Þar sem sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna viljum við í Hulduheimum veita honum rými í dagskipulaginu. Þá er hlutverk starfsfólks að styðja við og auðga leikinn með því að bjóða fram viðeigandi efnivið.
Með því að vera nálægt og fylgjast með leik barna er hægt að sjá hvað börnin eru að takast á við, meta líðan þeirra og félagsleg samskipti.
Það er einnig mikilvægt að námsumhverfið styðji við leik barna svo að þau eigi auðveldara með að komast í leik og viðhalda honum.
Námsumhverfið á lóð og í nágrenni Hulduheima býður einnig upp á fjölbreyttar leiðir til leikja og rannsókna. Eins og áður hefur komið fram er könnunaraðferðin, Vinátta, ART og Barnasáttmálinn markvisst notaðar sem námsleiðir í Hulduheimum þar sem börnin eru að læra í gegnum leik og viðfangsefni sem vekja áhuga þeirra.

Að auki leggjum við áherslu á:

- Að fjölbreyttur efniviður sé aðgengilegur miðað við aldur og þroska barna og uppfylli áherslur í leikefnisstefnu Hulduheima
- Tækifæri fyrir sjálfsprottinn leik oft yfir daginn.
- Tækifæri til að kynnast náttúru og umhverfi í kringum leikskólann eftir því sem barnið vex og þroskast.
- Að nýta möguleika húsnæðis sem best innan sem utan deildar.
- Að veita sérfræðiþjónustu þegar þörf er á samkvæmt vinnulagi leikskólans.
- Að börn fái næði til leiks til dæmis með því að hafa hæfilegan fjölda barna í rými.
- Reglulegar leikskráningar þar sem fylgst er með þroska og líðan barna í leik.
- Að meta nám og þroska barna með formlegum og óformlegum hætti samkvæmt námsmatsaðferðum Hulduheima.

Í handbók um leik barna í leikskólum má lesa nánar um leikinn.

Lýðræði og jafnrétti

Eins og einkunnarorð okkar gefa til kynna er lögð áhersla á að efla lýðræði í Hulduheimum. Leikskólinn, samkvæmt Dewey, er samfélag þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt af mörkum. Stuðlað er að jafnrétti og virkri þátttöku barna með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Börn hafa rétt á jöfnum tækifærum til náms og er lögð áhersla á að einstaklingar læri á eigin forsendum og á sínum hraða. Börnin eiga að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn, foreldra og starfsfólk sem samstarfsaðila.

Að auki leggjum við áherslu á:

- Gildi Vináttu og Samskiptasáttmálans (sjá kaflann um hlutverk kennara og annars starfsfólks) sem eru undirstaða lýðræðislegra vinnubragða í leikskólanum og þess að börn og fullorðnir geti starfað saman í sátt og samlyndi.
- Að börnin hafi val um viðfangsefni í frjálsum leik og öðru sem þeim viðkemur, allt eftir aldri og þroska.
- Að börnin hafi einhver áhrif eða val um klæðnað, allt eftir aldri og þroska.
- Að börnin fái að hafa áhrif á skólastarfið og umhverfi sitt.
- Að hvetja börnin til sjálfstæðis sem eykst með aldri og þroska.
- Að hlusta á sjónarmið barna og hvetja þau til að koma skoðunum sínum á framfæri með orðum, bendingum, táknum eða myndum.
- Snemmtæka íhlutun með því að mæta þörfum barna svo að þau njóti leikskólastarfsins á sínum forsendum.
- Að fræða börn um réttindi sín samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Að efla félagsfærni barna þannig að þau læri að búa í samfélagi við aðra, bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og setja sér og öðrum mörk. Nánar má lesa um þetta í agastefnu Hulduheima.

Á heimasíðu leikskólans má sjá Jafnréttisáætlun leikskóla Árborgar

Námsvið leikskóla

Læsi og samskipti

Í Hulduheimum eflum við læsi í víðum skilningi eins og læsisstefna Árborgar kveður á um. Læsi einskorðast ekki eingöngu við að lesa stafi og orð, heldur felur í sér leikni og hæfni í að lesa í umhverfi sitt og tjá sig á fjölbreyttan hátt. Þeir þættir sem flokkast undir læsi í víðum skilningi eru:

- Málþroski
- Fjölmenning
- Lestur
- Félags- og samfélagslæsi
- Ritun
- Heilsulæsi
- Umhverfislæsi og sjálfbærni
- Upplýsinga- og miðlalæsi
- Lista- og menningarlæsi

Samkvæmt læsisstefnu Hulduheima leggjum við áherslu á að efla mál- og tilfinningaþroska allra barna með því að hlusta á og ræða við börnin en málörvun á að fléttast inn í athafnir dagslegs lífs og leiks í leikskólanum. Einnig skal hafa bækur aðgengilegar börnum til að skoða auk þess að lesa eða segja sögur daglega.

Félagsfærni er mikilvægur þáttur í námssviðinu *Læsi og samskipti*. Með markvissri félagsfærniþjálfun í gegnum leik og daglegar athafnir læra börn að setja sig í spor annarra, skilja og tjá tilfinningar sínar og hvaða viðbrögð eru viðeigandi í ýmsum aðstæðum.

Í Hulduheimum eru ýmsar leiðir farnar til að efla tilfinninga- og félagsfærni barna. Þar ber helst að nefna:

- Forvarnarverkefnið *Vinátta* á öllum deildum
- ART þjálfun með elstu börnum
- Barnasáttmálastundir á öllum deildum

Í læsisstefnunni má sjá þær leiðir sem við förum til að efla læsi barna í víðum skilningi.

Námsvið leikskóla

Heilbrigði og vellíðan



Í Hulduheimum er unnið markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan, eins og Menntastefna Árborgar kveður á um, með því að hafa farsæld og vellíðan barna í fyrirrúmi. Í læsisstefnu Hulduheima má sjá þær leiðir sem við förum til að efla heilsulæsi í leikskólanum svo sem með markvissri félagsfærniþjálfun, að kenna börnum að setja og virða mörk, að gefa börnum tækifæri til að tjá sig, að vera nálæg og til staðar í leik barna og fylgjast með samskiptum þeirra.

Að auki eflum við heilbrigði og vellíðan með því að:

- Bera umhyggju fyrir börnunum, sýna þeim hlýju og væntumþykju.
- Börnin fái rík tækifæri til sjálfsprottinna og skipulagðra leikja.
- Börnin njóti sín í leik og starfi.
- Huga vel að grunnþörfum barna svo sem næringu, vatni, súrefni og hvíld.
- Vinna að góðri hljóðvist.
- Vinna í smærri hópum.
- Efla sjálfstæði barna og færni í daglegum athöfnum sem stuðlar að jákvæðari sjálfsmynd.
- Stuðla að daglegri útiveru.
- Stuðla að daglegri hreyfingu úti og/eða inni.
- Veita snemmtæka íhlutun.
- Vinna að skýru verklagi og öryggisreglum.
- Vinna að jákvæðum skólabrag.

Námsvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi



Í Hulduheimum viljum við skapa aðstæður sem efla rannsóknarþörf barnanna þannig að þau kanni umhverfi sitt og uppgötvi það á eigin forsendum. Þetta gerum við með aðferðum og verklagi könnunaraðferðarinnar en einnig með því að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til rannsókna. Við teljum mikilvægt að börnin fái að kynnast náttúrunni og læri þannig að meta hana og virða eins og lagt er upp með í Menntastefnu Árborgar. Í læsisstefnu Hulduheima má sjá hvernig unnið er með umhverfislæsi og sjálfbærni auk vísinda- og talnalæsi.

Að auki vinnum við með sjálfbærni og vísindi meðal annars með því að:

- Kynnast náttúrunni smátt og smátt með auknum aldri og þroska í skógarferðum og útinámi.
- Huga að endurvinnslu og endurnýtingu til þess að börnin átti sig betur á verðmæti hluta og að spilla ekki náttúrunni.
- Vinna með opinn efnivið í bland við tilbúið leikefni eins og gefið er til kynna í leikefnisstefnu Hulduheima.
- Leiðbeina daglega og skapa umræður um matarsóun til þess að börnin átti sig á að matur er verðmæti sem má ekki sóa.
- Gefa aðgengi að einingakubbum og öðru leikefni sem örvar stærðfræðilega hugsun, rannsóknir og kannanir.
- Gefa tækifæri til að auka skilning á tölum, mælingum og mynstrum.
- Gefa tækifæri til tilrauna og rannsókna í leik og starfi.
- Efla sjálfstæða hugsun og sjálfsbjörg.

Námsvið leikskóla

Sköpun og menning



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og eitt af þeim tjáningarformum sem þau nota. Því viljum við í Hulduheimum skapa umhverfi og aðstæður sem styðja við eðlislægan sköpunarkraft barnanna. Það gerum við meðal annars með því að leggja áherslu á sköpunarferlið sjálft frekar en fyrirfram ákveðna útkomu. Með því örvum við gagnrýna hugsun og þau sjá nýja möguleika. Við viljum að börnin upplifi gleðina við að skapa og njóti þess en til þess þurfa þau að fá tíma og næði. Við viljum að börn í Hulduheimum hafi tækifæri til að móta menningu leikskólans og skólabrag en einnig að taka þátt í og/ eða upplifa menningarlega viðburði. Í læsisstefnu Hulduheima má sjá hvernig unnið er með lista- og menningarlæsi.

Að auki vinnum við með sköpun og menningu meðal annars með því að:

- Gefa tækifæri til margvíslegrar sköpunar svo að börn öðlist trú á eigin sköpunarkraft.
- Gefa rými fyrir sjálfsprottinn leik þar sem ímyndunaraflið og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín
- Gefa rými til ýmiskonar listsköpunar svo sem myndlist, leirlist, tónlist, dans og leiklist.
- Söngur og tónlist sé partur af daglegum viðfangsefnum.
- Vera opin fyrir því að taka þátt í viðburðum og skapandi verkefnum í nærsamfélaginu.
- Kynnast fjölbreyttri listamenningu og hvetja til samstarfs við listafólk í nærsamfélaginu.
- Hvetja til bókalesturs og ýta undir sagnamenningu.
- Gefa tækifæri til að skapa með tungumálinu svo sem með því að semja sögur og ljóð.
- Að fræða börnin um íslenska menningararfleifð.

Hlutverk kennara og annars starfsfólks

Menntun og uppeldi barna í Hulduheimum er samvinnuverkefni kennara og annars starfsfólks þar sem velferð og hagur allra barna er hafður að leiðarljósi. Leikskólakennarar eru leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins og miðla þekkingu sinni til annars starfsfólks.

Starfsfólki ber að vinna í anda Aðalnámskrár leikskóla og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í stefnu og skólanámskrá Hulduheima og vera meðvitað um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ljósi þess þarf starfsfólk að vera sérstaklega meðvitað um að hlúa vel að börnum og fjölskyldum í viðkvæmri stöðu í þeim tilgangi að þau verði fullgildir þátttakendur í leikskólastarfinu.

Allt starfsfólk Hulduheima á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Í *Vináttu* er lögð sérstök áhersla á ábyrga framkomu, að hinn fullorðni sýni hlýju og umhyggju til þess að skapa vellíðan og góð tengsl í barnahópnum. Mikilvægt er að starfsfólk sé góð fyrirmynd í hegðun og því þarf það að vera meðvitað um eigin viðbrögð í ýmsum aðstæðum.

Starfsfólk skal leitast við að vera gefandi í samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Því hefur starfsfólk unnið að því að búa til og innleiða samskiptasáttmála en gildi hans eiga við í samskiptum við alla í leikskólasamfélaginu þ.e. nemendur, foreldra og samstarfsfólk.
Gildi Samskiptasáttmálans eru; virðing, jákvæðni, traust, umhyggja, umburðarlyndi og hugrekki en fjögur þeirra eru einnig gildi í *Vináttu.*

Starfsfólki Hulduheima ber að fylgjast vel með og efla þroska og líðan barna í leik og starfi. Lögð er áhersla á nærveru starfsfólks til þess að hlúa að líðan barna, leiðbeina í samskiptum, auðga reynsluheim barnanna, styðja við leik og skapa fjölbreytt námstækifæri. Starfsfólk þarf að hafa trú á getu barnanna og meðfæddri námsþörf þeirra. Því er börnum gefin hæfilega krefjandi verkefni svo þau bæti sífellt ofan á fyrri reynslu sína og þekkingu.

Í agastefnu Hulduheima má sjá árangursríkar leiðir fyrir starfsfólk til að skilja og efla tilfinninga- og félagsþroska barna.

Fjölskyldan og leikskólinn

Sameiginleg ábyrgð



Í Hulduheimum er litið svo á að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar eins og Aðalnámskrá leikskóla kveður á um. Í samvinnu foreldra og starfsfólks skal ávallt hafa velferð barnsins að leiðarljósi því leikskólar í Árborg vinna samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Starfsfólki ber að fylgjast vel með þroska og velferð leikskólabarna og grípa inn í ef áhyggjur vakna hjá þeim eða foreldrum.

Í upphafi skólagöngu er grunnur lagður að samstarfi milli heimilis og skóla en það þarf að einkennast af trausti, gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, menningu og bakgrunni. Í fyrsta samtali veita foreldrar deildarstjóra upplýsingar sem geta nýst til að byggja ofan á fyrri reynslu og nám barnsins. Farið er eftir sérstöku móttökuferli þegar um er að ræða nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Mikilvægt er að leikskólinn gefi foreldrum sem bestar upplýsingar um nám og framfarir barnsins í leikskólanum og að þeir séu upplýstir um starfsaðferðir og leiðir sem farnar eru til að efla þroska barna þeirra. Með reglulegum samtölum og upplýsingaflæði á meðan á leikskólagöngu barnsins stendur vinna fjölskyldur og starfsfólk Hulduheima saman að því að mynda samfellu í námi og framförum barnsins.

Leitast er eftir viðhorfum foreldra með daglegum samskiptum, í foreldrasamtölum, innra mati og með samvinnu við foreldraráð og foreldrafélag leikskólans. Í foreldrakönnun haustið 2025 kom í ljós að foreldrar vilja að í Hulduheimum sé lögð áhersla á að börnin læri góð samskipti, virðingu og sjálfstæði.

Nánar um áherslur í foreldrastarfi í Hulduheimum má sjá á heimasíðu leikskólans

Mat á skólastarfi

Mat á árangri og gæðum skólastarfs



Með markvissu innra mati er leitast við að börn í Hulduheimum fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Í aðgerða- og gæðahandbók menntastefnu Árborgar má sjá þau gæðaviðmið sem leikskólarnir styðjast við í innra mati. Vegna umfangs innra matsins er útbúin langtímaáætlun um innra mat sem greinir frá þeim sameiginlegu matsþáttum sem eru til skoðunar ár frá ári.

Í Hulduheimum starfar gæðaráð sem heldur utan um allt innra mat leikskólans en þar eru fulltrúar kennara og starfsfólks frá yngri og eldri deildum, fulltrúi foreldra og aðstoðarleikskólastjóri. Gæðaráðið útbýr matsáætlun fyrir hvert skólaár, safnar fjölbreyttum gögnum, fyllir í gæðaprófíl samkvæmt viðmiðum menntastefnu Árborgar og gefur út árlega innra matsskýrslu og umbótaáætlun.
Gæðaráðið ber matsáætlun, gagnaöflun og annað undir stjórnendateymi Hulduheima og gætir þess að allt starfsfólk, foreldrar og nemendur hafi tækifæri til þess að koma að innra matinu með einum eða öðrum hætti.
Innra matsskýrsla og umbótaáætlun birtist á heimasíðu Hulduheima ásamt helstu niðurstöðum úr foreldrakönnunum.

Þau gögn sem stuðst er við þegar metið er samkvæmt gæðaviðmiðum eru:

- Fyrirliggjandi gögn s.s skólanámskrá, verklagsreglur, fundargerðir, heimasíða, starfsáætlun og aðrar áætlanir.
- Skráningar ýmiskonar s.s. leikskráningar og skráningar á framförum í þroska og námi.
- Skoðanakannanir og matslistar.

Nánar um innra mat leikskólans á heimasíðu Hulduheima

Mat á skólastarfi

Mat á leik, námi og velferð barna



Námsmat í Hulduheimum hefur það meginmarkmið að auka þekkingu og skilning á þroska, námi og líðan barna eins og Aðalnámskrá leikskóla kveður á um. Upplýsingarnar sem fást úr námsmati eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og til þess að veita foreldrum upplýsingar um stöðu barns.
Í Hulduheimum er skilningur á því að börn eru ólík og þroskast á ólíkum hraða og því er mat á námi einstaklingsmiðað.
Í námsmati er lögð áhersla á að fylgjast með alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasviði, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, tjáningu og samskiptum.
Leikur er meginnámsleið barna og þungamiðja leikskólastarfsins. Því fer námsmat oft fram með þeim hætti að fylgjast með leik barnanna og skrá niður hvað þau eru að upplifa og tjá í leiknum.

Í Hulduheimum fer mat á leik, námi og velferð barna fram með ýmsum hætti svo sem:

- Óformlegu mati í umræðum á deildarfundum, foreldrasamtölum eða í umræðum með börnum
- Leikskráningum sem geta verið í formi myndbanda, ljósmynda, ritaðra upplýsinga og gátlista
- Skráningum í könnunaraðferð
- Skimunum s.s. Orðaskil, TRAS og HLJÓM-2 (öll börn við vissan aldur)
- Skimunum eða mati ef þurfa þykir s.s. AEPS, Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn
- Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn
- Mati barna á líðan sinni í leikskólanum
- Tengslahringjum þar sem starfsfólk á deildum metur hversu vel þau tengjast börnunum

Sjá nánar um námsmat á heimasíðu Hulduheima.

Tengsl skólastiga

Að ljúka leikskólagöngu og hefja grunnskólanám felur í sér miklar breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Því leitast starfsfólk Hulduheima við að auðvelda elstu börnum leikskólans að flytjast á milli skólastiga. Það er meðal annars gert með því að efla félagatengsl barna í sama árgangi. Á föstudögum á vorönn eru á eldri deildum haldnir svokallaðir Regnbogadagar þar sem árgangar eru sameinaðir og leika börnin þar með sínum jafnöldrum óháð deildum. Þá er boðið upp á matreiðslu og vísdómshóp fyrir elsta árganginn og er þeim skipt í hópa þvert á deildir.

Í sveitarfélaginu Árborg er starfandi faghópur um samstarf leik- og grunnskóla sem kallast "Brúum bilið„ en í hópnum eru fulltrúar frá hverjum skóla og því situr fulltrúi Hulduheima í faghópnum. Faghópurinn fundar að minnsta kosti einu sinni á önn og ræðir fyrirkomulag um samvinnu milli skólastiganna. Hulduheimar og Sunnulækjarskóli eru samstarfsskólar og skipuleggja heimsóknir sín á milli. Lagt er upp með að á haustönn komi nemendur 1.bekkjar í heimsókn í leikskólann og að á vorönn fara elstu börn leikskólans í heimsókn í grunnskólann í fylgd með kennurum. Heimsóknirnar hafa þann tilgang að efla tengslin milli skólastiga og veita börnunum meira öryggi við tilfærsluna milli skólastiga. Vorskóli fer fram að vori og fara verðandi grunnskólanemendur þangað með foreldrum sínum.

Til viðbótar við þessar heimsóknir er starfsfólk Hulduheima alltaf opið fyrir hugmyndum að frekara samstarfi.

Til að auka líkur á að í grunnskólanum sé byggt á fyrra námi og reynslu leikskólabarna og að upphaf grunnskólagöngu þeirra verði farsæl flytjast upplýsingar um börnin á milli skólastiga. Starfsfólk Hulduheima leggur áherslu á að skila greinargóðum gögnum og upplýsingum til grunnskóla en það er gert með samþykki og vitund foreldra.

Heimildir

Árborg. (e.d.). *Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 5. nóvember 2026 af https://www.arborg.is

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, J. (2010). Sannfæring mín um menntun. Í J. Einarsdóttir og Ó. P. Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki* (bls. 169-180).

Jóhanna Einarsdóttir (2010). Reynsla og nám barna. Í J. Einarsdóttir og Ó. P. Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki* (bls. 57-72).

Hulduheimar. (e.d.). *Hulduheimar leikskóli*. Sótt 5. nóvember 2026 af https://hulduheimar.arborg.is/

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Aðalnámskrá. https://adalnamskra.is

Barnaheill. (e.d.). *Um Vináttu*. Sótt 5. nóvember 2026 af https://www.barnaheill.is